

Norðurljós

Fréttabréf starfsmanna Norðuráls

3. töl. 24. febrúar 2010

RITSTJÓRAR: Rakel Heiðmarsdóttir & Trausti Gylfason

ÁBYRGÐ: Ágúst F. Hafberg

Ritnefnd: Brian Daniel Marshall, Bjarni I. Björnsson, Elísabet Sveinsdóttir, Fjalar Ríkarðsson, Jón H. Sveinsson, Jóna Björk Sigurjónsdóttir, Jóhanna Árnadóttir, Þóra Jónsdóttir

Meðal efnis í þessu blaði...



Góður árangur!

Leiðtoganá
mskeið



Hættum að
reykja!



Boxað af miklum móð

Frá mannauðssviði:

Óvæntir glaðningar og öryggismál

Á árinu 2009 voru veittir "óvæntir glaðningar" til fyrirfram skilgreindra hópa þ.e. þegar hópurinn náði tveimur mánuðum í röð án fjarveruslysa og án óhappa sem leiða til flutnings í starfi. Meðal glaðninga á síðasta ári voru **grill og leikir** í skógræktinni á Skaganum, **bíomiðar** og **tapaz** smáréttir á Galito. Á þessu ári er ætlunin að halda áfram að veita óvæntar viðurkenningar fyrir slysalausa mánuði, en nú verður markið sett hærra og fá níu hópar glaðning þegar þrjú mánuðir nást í röð án fjarveruslysa og án óhappa sem leiða til flutnings í starfi (sjá yfirlit yfir hópana í meðfylgjandi töflu). Þeir starfsmenn sem ekki tilheyra einum af 9 fyrrgreindum hópum vinna minna áhættusöm störf og fá þar af leiðandi viðurkenningu að loknum níu mánuðum í röð án fjarveruslysa og án óhappa sem leiða til tilfærslu í starfi. Á árinu 2009 voru veitt sérstök verðlaun til hópa sem náðu 12 mánuðum í röð án

Hóparnir 9 eru eftirfarandi:

1. A-vakt í kerskála
2. B-vakt í kerskála
3. C-vakt í kerskála
4. D-vakt í kerskála
5. Skautsmiðja
6. Steypuskáli
7. Viðhaldsmenn, þ.e. viðhaldsmenn (einnig þeir sem eru á vöktum enda teljast þeir ekki í hópum 1-4) og verkvirkjar
8. Kersmiðja
9. Dagvinnumenn í deigluhreinsun og þekjaefnastöð ásamt starfsmönnum á lager, í eldhúsi og í ræstingum.

fjarveruslysa og án óhappa sem leiða til tilfærslu í starfi (þeir hópar fóru út að borða með maka eða fengu gjafabréf). Vonandi ná sem flestir hópar að ljúka þessum 12 mánuðum og fá verðlaun sín á þessu ári. Við kynnum til sögunnar aðeins breytt fyrirkomulag varðandi þessi stærri verðlaun á árinu 2010. Þ.e.a.s. þegar 12 mánaða verðlauninum frá síðasta ári hefur verið náð eða ef fjarveruslys eða óhapp sem leiðir til tilfærslu í starfi á sér stað í einum hinna 9 áðurgreindra hópa á þessu ári þá munu kröfur aukast þannig að hóparnir verða að ná jafnframt 12 mánuðum í röð án óhappa sem krefjast lækni meðferðar (auk fyrri krafa um engin fjarveruslys og engin óhöpp sem leiða til tilfærslu í starfi). Þeir sem ekki tilheyra hópnum 9 fá sérstök verðlaun að loknum 24 mánuðum sem eru án óhappanna sem nefnd eru hér að ofan.

Gangi okkur vel í öryggismálum á árinu!




Fréttir frá Helgúvík:

Yfirlitsmynd frá Helgúvík

Hér má sjá grunnmynd af álveri Norðuráls í Helgúvík, en álverið verður byggt í 4 áföngum.

Gul liturinn sýnir hvað byggt verður í áfanga 1A, rauði liturinn 1B, græni liturinn 1C og blái liturinn lokaáfangann. Bygging sem merkt er nr. 500 er steypuskáli og bygging merkt 400 er skautsmiðja. Skrifstofubyggingin er nr. 642.



Nýr búnaður í viðhaldsdeild!




Nú nýlega eignaðist viðhaldsdeild fullkominn "Laser" afréttingarbúnað fyrir öxla og reimar. Búnaðurinn kemur frá SKF-leguframleiðandanum og er ein af þeirra nýjustu vörutegundum. Með þessum búnaði eykst nákvæmni við samsetningar á vélbúnaði og þar með fæst aukinn áreiðanleiki vélanna. Búnaðurinn er auðveldur í notkun fyrir iðnaðarmenn og leysir af hólmi eldri afréttingarbúnað eins og klukkur, vinkla og málbönd.

Við samsetningar á vélbúnaði er mikilvægt að rétta vel af driföxla og tengi til að draga úr hættu á leguskemmdum, öxulálagi og titringi. Með þessum nýja búnaði eykst nákvæmni við afréttingar til

Á þessari mynd sést afréttingarbúnaður fyrir öxla

muna sem aftur leiðir af sér lengri líftíma og meiri áreiðanleika vélbúnaðar.


Ein algengasta bilun á reimdrifnum vélbúnaði stafar af skekkju milli reimskífa. Minnsta skekkja getur orsakað slit á reimskífum, reimum, valdið auknum titringi, álagi á legur og hávaða og þar með stýtt líftíma vélbúnaðar. Með nýja Laser afréttingarbúnaðnum þá næst mun nákvæmari afrétting og þar með aukinn líftími og meiri áreiðanleiki.



Myndin hér sýnir afréttingarbúnað fyrir reimar

Sumarið er tíminn...

Nú stendur yfir undirbúningur vegna sumarráðninga. Umsóknafrestur var til 14. febrúar og bárust yfir 600 umsóknir. Að mörgu er að huga þegar sumarafleysingar nálgast. Það þarf að flokka umsóknir og velja í viðtöl, hringja eftir meðmælum, allir nýliðar fara í lyfjapróf og nýliðafræðslu, auk þess þurfa margir að fara á lyftaranámskeið. Þess má geta að margar hendur koma að sumarráðningu, s.s. yfirmenn þeirra deilda sem ráðið er inn í, öryggissvið, lager og mannauðssvið og er það Jóna Björk Sigurjónsdóttir sem heldur utan um ferlið. Það er því mikil törn framundan sem verður spennandi að takast á við.



Brilleraði á sveinsprófi

Þann 5. febrúar bauð Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík til hátíðlegrar athafnar í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þar voru afhentar viðurkenningar til þeirra nýsveina sem náðu afbragðs árangri á sveinsprófi árið 2009. Alls fengu 18 nemendur viðurkenningu frá félaginu. Meðal þeirra var **Gísli Líndal Karvelsson vélvirki hér í Norðuráli**. Gísli lauk námi í vélvirkjun á vorönn 2007 og sveinsprófi á síðasta ári með afbrags árangri. Á myndinni er Gísli ásamt Þjóðbirni Hannessyni kennara í málmíðngreinum. **Við óskum Gísla til hamingju með þennan glæsilega árangur!**



GÁTA—GÁTA—GÁTA—GÁTA—GÁTA—GÁTA

Í eftirtöldum gátum er verið að leita að orði sem er sameiginlegt með öllum línunum gátunnar hvort sem það stendur eitt sér eða í samsettu orði.

1. Á stafni á gömlum bóndabæ. Best að skella hesti á það. Skip sem æðir úfínn sæ. Ævihluti á nýjum stað.
2. Henni er fylgt án hugsunar. Hnýtta tauma jafnan bar. Á henni dansa dömurnar. Drósarnafn sem algengt var.
3. Sumir þetta söngla í kór. Sæta menn því án tafa. Einatt þarf við átök stór. Allt vill þetta hafa.

Lausn: 1. Skeið; vindkeið, skeiðgangur, skip, æviskeið 2. Lina; (lína í pólitík), fískilína, lína (í sirkus), Lina (konnuna) 3. Lag; sönglag, lag (sæta lag, lag (vera) laginn), allt vill lagði hafa.

„Tökumst á við tóbakið“

- stuðningsfundir alla þriðjudaga frá kl. 08:00-08:45 í Búrfelli út febrúar



Aukið afsog frá kerum

Í starfsleyfi Norðuráls er ákvæði um að í kerskálum C og D skuli vera unnt að tvöfalda afsog frá kerum þegar kerþekja er opnuð. Til að mæta þessari kröfu var aukna afsogskerfið sett upp. Tilgangurinn með notkun aukins afsogs er að bæta loftgæði á vinnustaðnum og minnka mengun sem berst frá verksmiðjunni og er notkun þess mjög mikilvæg.

Forriti fyrir kerstýringu hefur verið breytt þannig að aukið afsog fer sjálfkrafa í gang þegar ýtt er á skautskiptahnaup á ELAS stjórnskáp. Ef það gerist ekki er starfsfólk í kerskálum beðið um að tilkynna það vakstjóra.

Losun er stöðugt mæld á tveimur stöðum í kerskálum A og D. Í þeim mæligögnum sem safnað er má augljóslega sjá hvenær unnið er við ker og á það ekki bara við um skautskipti. Starfsmenn í kerskálum C og D eru því hvattir til að nota einnig aukna afsogskerfið þegar

unnið er við áltöku, lyftingu skautbrúar, skautþekjun og endurþekjun/dekur.

Aukið afsog er ræst með “Booster fan” hnappnum á ELAS stjórnskáp og má sjá hvar hann er að finna á eftirfarandi myndum:



Rétt er að árétta það að þrátt fyrir aukið afsog og ítarlegt eftirlit er notkun öndunargríma mikilvæg þar sem grímurnar eru útbúnar með síu sem fangar flúor og hleypta ekki ryki í gegn.

Takk fyrir...

...að taka þátt í vinnustaðgreiningu sem nýverið fór fram. Það er gaman að segja frá því að um 75% starfsmanna tóku þátt í könnuninni og nú er Capacent að vinna úr niðurstöðunum. Gert er ráð fyrir að niðurstöður liggi fyrir í lok mars og verða þær kynntar í hverri deild/sviði/vakt fyrir sig. Enn og aftur viljum við þakka þeim starfsmönnum sem tóku þátt, en niðurstöðurnar munu styrkja fyrirtækið og veita mikilvægar upplýsingar um það hvernig við getum bætt okkur.

Allir velkomnir á hnefaleikaæfingu

Félagarnir Sverrir Þór Guðmundsson og Hafþór Magnússon tóku sig til í byrjun nóvember á síðasta ári og töluðu við Örnólf Þorleifsson, rafvirkja hjá NA og fengu hann til að stofna öldungardeild innan Hnefaleikafélags Akraness. Þeir hvöttu fleiri vinnufélaga til að mæta og er skemmst frá því að segja að til að byrja með mættu alls 14 manns á hnefaleikaæfingu í öldungardeildinni, þar af 10 frá NA. Í dag æfa að staðaldri um 10 manns, þar af 5 frá NA.

Æfingarnar eru þrisvar í viku og ganga út á styrk, tækni, brennslu og box en þá eru að sjálfsögðu notaðar viðeigandi hlífur. Þeir Sverrir og Hafþór segja þetta vera mjög góðan hóp og að æfingarnar séu góðar. Þeir hvetja fleiri til að prófa og taka fram að konur eru hvattar til að mæta!

Á myndinni frá vinstri: Gísli Trausti Jóhannesson, Örnólfur Þorleifsson, Sverrir Guðmundsson og Hafþór Magnússon.



LEIÐTOGAÞJÁLFUN

Hjá Norðuráli á Grundartanga er komin af stað leiðtoga- og stjórnendabjálfun fyrir stjórnendur og staðgengla þeirra annars vegar og liðsstjóra og aðra starfsmenn er sinna leiðtogahlutverki í fyrirtækinu hins vegar. Markmið þjálfunarinnar, sem er hugsuð til langs tíma, er að að þróa leiðtogahæfni sem notuð er í daglegu starfi.

Eftirfarandi þættir verða til umfjöllunar nú á vorönn fyrir liðsstjóra:

- Ábyrgð og hlutverk leiðtogans
- Aðferðir við að kenna og leiðbeina öðrum
- Tjáning og framkoma

Einn hluti leiðtoga- og stjórnendabjálfunarinnar fór fram nýlega á Hótel Glym. Ríflega 55 stjórnendur fyrirtækisins taka þátt í náminu sem stendur yfir í rúmt ár. Námið er unnið í samstarfi við Þekkingarmiðlun. Hér má sjá myndir sem Sverrir Þ. Guðmundsson tók af hópnum.



SUDOKU SUDOKU SUDOKU SUDOKU

		7				4	1	
	4	3	7					2
5	8		1	4		7		
9		5		8				
	2	1		7		5	3	
				9		8		1
		8		6	2		7	4
7					8	2	9	
	6	9				3		

		9	4	2	6	8		1	5
							8		
6		8	1	5				7	2
9				1	2				
	8							4	
			5	4					8
4	7			2	6	5			1
		2							
8	5			3	7	1	2	6	